



SAMFÉLAGSMIÐLAR

Góð og öflug ráð til að fylgja:

1. Aldrei setja inn mynd af einhverjum án þess að fá leyfi þess aðila.
2. Ekki senda myndir af þér til einhvers sem þú þekkir lítið eða ekki neitt.
3. Hugsaðu áður en þú skrifar eða “póstar”. Bíða og hugsa. Það er ekki alltaf hægt að eyða því sem fer á samfélagsmiðla.
 - Er þetta satt?
 - Er þetta hjálplegt?
 - Er þetta nauðsynlegt?
 - Er þetta falleg og nærgætin framkoma?
4. Passaðu að gerast bara vinur þeirra sem þú þekkir örugglega.
5. Forðastu að hafa svokallaðar samfélagsmiðlastjórnur eða áhrifavalda á vinalistanum þínum - sérstaklega ef þeir einstaklingar gera mikið úr útliti.
6. Aldrei setja heimilisfangið þitt, símanúmer eða aðgangsorð á samfélagsmiðla. Notaðu allar öryggisráðstafanir sem eru í boði (privacy settings).
7. Fylgdu sannfæringu þinni og leyfðu samfélagsmiðli þínum að endurspegla það hver þú ert – en alltaf þó með reglu nr 3 í huga.
8. Að lokum skaltu alltaf reyna að takmarka tímann sem þú eyðir á samfélagsmiðlum. Það er auðvelt að festast þar klukkustundunum saman en þá missir maður af lífinu sem er í kringum mann. Það er mjög auðvelt að falla í þá gildru að vera alltaf á vaktinni.